

«Heiti\_stofnunar»  
«Nafn»  
«Starfsheiti»  
«Heimili»  
«Póstnúmer»

20. janúar 2009

Ý-349  
IKM/bb

Árið 2006 gaf Ríkisendurskoðun út ritið „Vísbendingar um fjármálamisferli“. Þar er hugtakið fjármálamisferli skilgreint sem „ólögmætt athæfi í því skyni að komast yfir fé eða einhver önnur verðmæti í eigu annarra.“ Í ritinu er fjallað um ýmsa þætti sem taldir eru geta valdið hættu á fjármálamisferli og hvernig unnt sé að draga úr henni. Fram kemur að í meginatriðum séu áhættuþættirnir þrír. Í fyrsta lagi þarf hvati til brots að vera fyrir hendi hjá einstaklingi, í öðru lagi þarf hann að hafa tækifæri til að fremja brot og í þriðja lagi þarf hann að geta réttlætt verknaðinn fyrir sjálfum sér og öðrum.

Á undanförunum mánuðum hefur mikill samdráttur orðið í efnahagslífi landsins og líklegt er að hann muni vara um nokkra hríð. Reynslan hefur sýnt að við slíkar aðstæður eykst almennt hættu á fjármálamisferli. Ríkisendurskoðun vill því hvetja forstöðumenn ríkisstofnana til að kynna sér efni fyrrnefnds rits þannig að þeir verði betur í stakk búnir til að fyrirbyggja þessa hættu. Sérstaklega þarf að huga að innra eftirliti og gildandi verklagsreglum er varða ýmsa viðkvæma þætti í rekstrinum, s.s. meðferð sjóðs og bankareikninga, innkaup, styrki og launagreiðslur. Þá þarf að huga að öryggi fjármálakerfa sem stofnunin notar.

Til að skapa og viðhalda góðum starfsanda er mikilvægt að vinátta og traust ríki á vinnustað. Með þessu bréfi er ekki ætlunin að ala á tortryggni milli manna heldur vill Ríkisendurskoðun stuðla að því að stofnanir hafi góða þekkingu á þeim þáttum sem valda hættu á fjármálamisferli og þeim aðferðum sem nota má til að fyrirbyggja hana.

Ritið má finna á eftirfarandi slóð:

[www.rikisend.is/files/skyrslur\\_2006/fjarmalamisferli.pdf](http://www.rikisend.is/files/skyrslur_2006/fjarmalamisferli.pdf)